

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. mars 2016 breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017, sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. febrúar 2016.

Í breytingunni felst að íbúðarbyggð er felld niður á reit Í14 (Tívolíreitur, Austurmörk-Sunnmörk) en svæðið þess í stað skilgreint sem miðsvæði (A2A). Gerðar eru breytingar á tölum 4.2 og 4.4 í greinargerð, byggingarmagn er minnkað og hámarkshæð húsa lækkar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 2. mars 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2016